

M-1/2018. Álit 7. júní 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-1/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. janúar 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þurrkara af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að þurrkarinn sé haldinn galla og krefst þess að seljandi skoði vélina og meti hvort um galla sé að ræða.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 17. janúar 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Neftndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 1. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á þurrkara af gerðinni Z af seljanda þann 15. desember árið 2015 fyrir 64.495 krónur. Þurrkarinn bilaði þann 28. desember árið 2017 og leitaði álitsbeiðandi því til seljanda. Að sögn álitsbeiðanda kvaðst seljandi ekki bera ábyrgð á biluninni þar sem tveggja ára ábyrgð seljanda væri runnin út, en hún hafði runnið út nokkrum dögum áður. Að sögn álitsbeiðanda er um stóran galla að ræða sem ekki er hlaupið að því að laga enda verði viðgerðin kostnaðarsöm.

Álitsbeiðandi telur að svo dýr söluhlutur ætti að endast í meira en tvö ár og nokkra daga og að seljanda beri því að koma til móts við sig að einhverju leyti. Seljandi hefur hins vegar að sögn álitsbeiðanda ekki viljað skoða þurrkarann til að meta hvort um galla sé að ræða heldur þarf álitsbeiðandi að greiða 14.900 krónur fyrir slíka skoðun.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljandi skoði þurrkarann sér að kostnaðarlausu og meti hvort um galla sé að ræða.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi Z þurrkara af seljanda þann 15. desember 2015 fyrir 64.495 krónur. Þurrkarinn bilaði svo tveimur árum og 13 dögum síðar. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi skoði þurrkarann sér að kostnaðarlausu og meti hvort um galla sé að ræða. Seljandi hefur hafnað því að sögn álitsbeiðanda og krafist gjalds að fjárhæð 14.900 krónur fyrir skoðunina þar sem seljandi telur að þurrkarinn sé ekki lengur í ábyrgð.

Kæruneftndin álitur að ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkppl.) eigi við um ágreining aðila, en ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka.“

Þar sem tveggja ára frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla var liðinn þegar bilunin kom upp þarf að meta hvort umræddur þurrkari sé söluhlutur sem „er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ í skilningi ákvæðis 2. mgr. 27. gr. nkpl. Í skýringum við ákvæðið, sem fylgdu með frumvarpi til laganna, segir m.a. um þetta atriði að líta þurfi til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafi ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma sem endurspeglast meðal annars í verði sölulutar. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er tekið fram að rétt sé að vafinn falli fimm ára reglunni í hag.

Þótt ekki sé hægt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hver sé eðlilegur endingartími þurrkara er það álit kærunefndarinnar að alla jafna geti neytendur haft væntingar til þess að þurrkari muni geta enst í töluverðan tíma og í flestum tilfellum lengur en í tvö ár þegar farið er vel með hann.

Kaupverð umrædds þurrkara var 64.495 krónur árið 2015 og eðlilegur endingartími þurrkara getur vissulega verið mismunandi eftir tegundum. Í framanröktum skýringum er gefin sú leiðbeining að vafi um endingartíma eigi að hafa það í för með sér að vara verði felld undir fimm ára regluna frekar en tveggja ára. Telur kærunefndin því að ganga megi út frá því að álitsbeiðandi hafi getað kvartað undan galla á umræddrum þurrkara í fimm ár frá því kaupin fóru fram. Kvartaði álitsbeiðandi því undan galla á þurrkaranum í tæka tíð í skilningi 2. mgr. 27. gr. laganna. Rétt er að benda á að þessi niðurstaða er í samræmi við eldri álit kærunefndarinnar um fresti til að bera fyrir sig galla á þurrkurum, sbr. til að mynda mál 46/2014.

Kærunefndin verður samkvæmt framangreindu að fallast á kröfu álitsbeiðanda.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að skoða þurrkara álitsbeiðanda, honum að kostnaðarlausu. Í framhaldi skal meta hvort þurrkarinn sé haldinn galla sem seljandi ber ábyrgð á.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson